

Kiln

Samningsyfirlit, líftrygging hjá Lloyds Lykilatriði

Þetta samningsyfirlit inniheldur ekki fulla skilmála samningsins, en hægt er að sjá þá í skírteini þínu og á yfirliti sem fylgir með samningnum. Upplýsingar um réttindi þín til að segja samningnum upp er að finna í hluta 7.

1. Vátryggjandinn

Þessi vátrygging er samþykkt af Kiln Life samtökum númer 308 – samtök vátryggjenda samanstanda af meðlimum Lloyds of London.

2. Tegund vátryggingar og vátryggingarvernd

Þetta er vátrygging sem tryggir vátryggingarfjárhæð í einni greiðslu við andlát hins vátryggða.

3. Upplýsingar um verð

Iðgjald fyrir vátrygginguna er sýnt í yfirlitinu. Iðgjöld þarf að greiða á meðan samningurinn er í gildi eins og tilgreint er í yfirlitinu.

4. Mikilvægir þættir og bætur

Vátryggingarfjárhæðin greiðist út við andlát hins vátryggða.

5. Mikilvægar undantekningar eða takmarkanir

Heildarlisti yfir undantekningar og skilmála er tilgreindur í skírteininu. Eftirfarandi eru mikilvægar undantekningar eða takmarkanir:

- Þess er krafist að fullkomnar upplýsingar hafi verið veittar við töku tryggingarinnar og að tilgreindar hafi verið allar staðreyndir sem máli skipta.
- Tryggingin hefur aldrei neitt verðgildi.

6. Gildistími vátryggingasamningsins

Samningurinn hefst á þeim degi sem tekið er fram í yfirlitinu og gildir til þess dags sem tilgreindur er í yfirlitinu undir hlutanum „vátryggingaratburður sem myndar bótakröfu“, svo fremi sem iðgjöld hafa verið greidd.

Þú gætir þurft að endurskoða og uppfæra vátryggingu þína reglulega, til að gæta þess að hún sé fullnægjandi á hverjum tíma.

7. Réttur til uppsagnar

Það er lögbundinn 14 daga uppsagnarfrestur (með vissum undantekningum). Tilkynning um uppsögn þessa samnings verður gefin út áður eða þegar samningnum er lokið. 14 daga uppsagnarfrestur þinn byrjar þann dag sem þú færð tilkynninguna. Ef samningnum er sagt upp innan þessa tímabils, munum við endurgreiða öll iðgjöld sem greidd hafa verið.

8. Gerð bótakröfu

Hægt er að gera bótakröfu með því að hafa samband við Kiln Life syndicate 308, RJ Kiln & Co. Limited, 106 Fenchurch street, London, EC3M 5NR.

9. Að bera fram kvörtun

Ef þú óskar eftir að bera fram kvörtun hafðu þá vinsamlega sambandi við okkur skriflega til Kiln Life syndicate 308, RJ Kiln & Co. Limited, 106 Fenchurch street, London, EC3M 5NR. Ef þú ert ekki ánægður með hvernig kvörtunin hefur verið afgreidd, þá getur þú óskað eftir því að kvörtunardeildin hjá Lloyds endurskoði máli (án þess að það hafi áhrif á lögbundinn rétt þinn). Heimilisfang kvörtunardeildarinnar er:

Complaints Department	Sími: 020 7327 5693
Lloyd's	Fax: 020 7327 5225
One Lime Street	Tölvupóstur: Lloyds-Regulatory-Complaints@Lloyds.com
London EC3M 7HA	

Kvartanir sem ekki er hægt að leysa hjá kvörtunardeildinni má vísa til þjónustu umboðsmanns fyrirtækja (The Financial Services Compensation Scheme). Nánari upplýsingar verða veittar á viðeigandi stigum í kvartanaferlinu.

10. The Financial Services Compensation Scheme (FSCS)

Við erum tryggðir af FSCS. Þú gætir átt rétt á bótum samkvæmt kerfinu ef við getum ekki staðið við skuldbindingar okkar. Þetta fer eftir því hvaða tegund viðskipta og hverjar kringumstæður bótakröfunnar eru. Undir venjulegum kringumstæðum, bætir kerfið að minnsta kosti 90% váttrygginafjárhæðinnar. Nánari upplýsingar má fá hjá The Financial Services Compensation Scheme, sem hægt er að ná sambandi við í síma 020 7892 7300 eða www.fscs.org.uk

11. Reglugerðir varðandi peningþvætti

Samkvæmt þessum reglugerðum, er þess krafist að þeir sem óska eftir að taka líftryggingu, lífeyri eða gera fjárfestingasamninga leggi fram staðfestingu á persónuauðkenni sínu. Þú gætir þess vegna verið beðinn um að leggja fram skjöl sem sönnun á persónuauðkenni og heimilisfangi.

12. Lög

Aðilar samningsins geta valið hvaða lög skuli gilda um samninginn, þessi samningur fellur undir ensk lög nema annað sé áveðið.

Kiln Life

A Lloyd's Underwriting Syndicate (syndicate No. 308) managed by:
R J Kiln & Co. Limited,
106 Fenchurch Street, London, EC3M 5NR

Authorised and regulated by the Financial Services Authority Registration No 204909